


Stefna Matís 2025 – 2030



Inngangur

Matís er opinbert hlutafélag um þjónustumælingar, rannsóknir, ráðgjöf og miðlun upplýsinga um matvæli. Hjá Matís er unnið að fjölbreyttum verkefnum í þágu stjórnvalda, atvinnulífs, lýðheilsu og fæðu- og matvælaöryggis. Stefna Matís byggir á lögum um hlutverk Matís, matvælastefnu og öðrum skyldum stefnum stjórnvalda í sjávarútvegi, lagareldi og landbúnaði. Hún tekur einnig mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

Starfsemi Matís skiptist í þjónustumælingar, rannsóknir, nýsköpun, ráðgjöf og miðlun og hagnýtingu upplýsinga. Viðskiptavinir og samstarfsaðilar geta verið opinberir aðilar, matvælaframleiðendur og annar iðnaður, háskólar, og þeir sem veita matvælaiðnaðinum þjónustu. Mikið samstarf er einnig við erlendar rannsóknastofnanir og fyrirtæki.


Matís fjárfestir í þekkingu, færni og innviðum til þjónustu, rannsókna og nýsköpunar í matvælaframleiðslu og líftækni til að sinna hlutverki sínu sem best.

Myndin sýnir stefnu Matís. Minni umhverfisáhrif og aukið fæðuöryggi eru lykilatriði í framtíðarsýn Matís. Tekið er mið af nýjum þörfum og áskorunum samfélagsins og neytenda og möguleikar í matvælaframleiðslu nýttir.

Áherslan verður á nægan og hollan mat og sjálfbæra matvælaframleiðslu með áherslu á öryggi og vermætasköpun.

„Ísland verði í fremstu röð ríkja í framleiðslu hágæða matvæla?“

Úr Matvælastefnunni



Áherslur í þjónustu

Matís býður upp á vottaðar efna- og örverumælingar. Þjónusta fyrir Atvinnuvegaráðuneytið og fleiri opinbera aðila mun áfram felast í samningi um rekstur tilvísunarrannsóknastofa og öryggis- og forgangsþjónustu í efna-, örveru- og erfðagreiningum.

Samkeppnisrekstur er um efna-, örveru- og erfðagreiningar, eldisrannsóknir, skynmat, neytendarannsóknir og ráðgjöf fyrir opinbera aðila, matvæla- og lyfjafyrirtæki og einkaaðila. Matís veitir heildstæða þjónustu, túlkun og ráðgjöf til viðskiptavina. Einnig er stóriðju og fleiri aðilum boðið upp á umhverfissvöktun. Þjónustugátt Matís býður viðskipavinum og samstarfsaðilum yfirsýn og einfalt og þægilegt aðgengi að niðurstöðum greininga og vottorðum í gegnum vefgátt Matís.

Umhverfissvöktun skiptist í mengunar- og loftgæðamælingar og felur í sér sýnasöfnun, mælingar, samantekt, skil og mat á niðurstöðum auk skýrslugerðar og ráðgjafar.

Áherslur í rannsókna- og nýsköpunarverkefnum

Matvælaframleiðsla og fæðuöryggi

Matís styður við innlenda matvælaframleiðslu á sjó og landi með samstarfi um rannsóknir og nýsköpun. Það á bæði við um hefðbundnar greinar eins og sjávarútveg, fiskeldi og landbúnað og þróun ný-matvæla með nýtingu á þörungum, einfrumungum og skordýrum. Áherslan er á aðferðir við framleiðslu og varðveislu hráefna.

Dæmi um verkefni eru:

- Nýting á uppsjávarfiski til manneldis
- Þróun aðferða við framleiðslu, nýtingu og umhverfismál landeldis
- Erfðagreiningar í tengslum við kynbætur á búfjárstofnum og matjurtum
- Upplýsingar um efnasamsetningu og aðra eiginleika
- Aðferðir og leiðir til varðveislu matvæla og neyðarbirgðahalds

Hámörkun verðmæta við nýtingu lífauðlinda og hráefna

Áhersla verður áfram á fullnýtingu á hráefnum og hliðarstraumum úr fiskvinnslu, lagareldi og landbúnaði. Verkefni verða unnin fyrir og með hagaðilum um nýsköpun, aukin gæði og geymslupól matvæla. Nýsköpun á verðmætum afurðum úr vannýttum náttúrulegum lífauðlindum.

Nauðsynlegt er að setja upp Lífauðlinda- og matvælavinnsluver til uppskölunar á framleiðslu og þróunar hagkvæmra framleiðsluferla. Koma þarf tilraunavinnu á hærra framleiðslustig.

Dæmi um verkefni:

- Fullnýting á hráefnum og hliðarstraumum úr fiskvinnslu, lagareldi og landbúnaði
- Nýsköpun á verðmætum afurðum úr vannýttum náttúrulegum lífauðlindum
- Þróun hraðvirkra greiningartækni til ferlastýringa í matvælaíðnaði.
- Greining og nýting á gagnlegum örverum við nýsköpun í matvælavinnslu og nýtingu á aðal- og hliðarstraumum matvæla.
- Gagnagrunnar úr niðurstöðum rannsóknaverkefna verða þróaðir og nýttir til að greina tækifæri í vinnslu og vöruþróun matvæla. Notast verður við gervigreind eftir því sem við á.

Örugg og heilnæm matvæli

Öflun og miðlun upplýsinga um öryggi og uppruna íslenskra matvæla. Nýjustu tækni í raðgreiningum og efnaskiptagreiningum beitt til að greina samsetningu örveruflóru, erfðamengi hennar og efnaskipti til að:

- Rannsaka áhrif breytinga á loftslagi og neysluvenjum á áhættu á (nýjum) fæðubornum sjúkdómum.
- Auka vitneskju um dreifingu óæskilegra örvera í gegnum feril vörunnar frá hafi/haga til maga (Ein heilsa).
- Rannsaka áhrif breytinga á matvælaframleiðslu, fullnýtingar hráefna og ný-matvæla á matvælaöryggi.

Einnig verður erfðagreiningum beitt við:

- Greiningar á tegundum og uppruna í tengslum við matvælasvindl

Lausnir í takt við sjálfbæra þróun matvælakefna

Leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum matvælaframleiðslu, matvælavinnslu og dreifingu rannsakaðar. Markmiðið er að stunda og koma til skila rannsóknum sem stuðla að hringrásarhagkerfi við framleiðslu matvæla og lífefna með sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda að leiðarljósi. Rannsaka hvernig við getum aukið framboð matvæla og eflt matvælaframleiðslu án þess að ganga á auðlindir með ósjálfbærum hætti.

Dæmi um verkefni:

- Þróun líkans af íslenska matvælakefni. Greina áhrif á umhverfið, lýðheilsu og efnahag.
- Nýting auðlinda innan hringrásarhagkerfisins.
- Alþjóðlegum stöðlum og leiðbeiningum beitt við útreikninga á kolefnisspori íslenskra matvæla. Niðurstöður birtar í ÍSGEM gagnagrunninum.
- Umhverfis- og lofgæðamælingar

Áhrifaríkari miðlun og hagnýting gagna

Matvælavísindavefur verður settur upp og honum viðhaldið til að ná enn betur til almennings með vandaðri efnisgerð fyrir samfélagsmiðla og til að nota þá með markvissari hætti til að miðla matarvísindum, lýðheilsulegum fróðleik og neytendaupplýsingum. Nýr samningur við Atvinnuvegaráðuneytið mun vonandi fjármagna vinnu við ÍSGEM gagnagrunninn svo hann gegni áfram lykilhlutverki fyrir miðlun upplýsinga um næringargildi íslenskra matvæla og kolefnisspor þeirra. ÍSGEM verður jafnframt lykilverkfæri fyrir matvælaöryggi og áhættumat á Íslandi.

- Vönduð miðlun gegnum samfélagsmiðla, skýringarmyndir og myndskreið.
- Handbækur (rafrænar og prentaðar), bæklingar, upplýsingavefsíður (fiskibokin.is, alltummat.is, kjotbokin.is), mánaðarlegt fréttabréf og hlaðvarpsþættir.
- Sérstakar verkefnasíður fyrir rannsóknarverkefni þar sem má finna allar helstu upplýsingar, markmið og niðurstöður.

Samstarf

Matís mun halda áfram að veita stjórnvöldum ráðgjöf og sérfræðingar fyrirtækisins taka þátt í störfum nefnda og vinnuhópa, svara fyrirspurnum, gefa umsagnir og álit á reglugerðum og lagafrumvörpum sem varða hlutverk Matís. Einnig sitja þeir í ýmsum stjórnar- og vísindanefndum styrktarsjóða til að koma íslenskum áherslum og stefnum á framfæri og styðja þannig aðkomu íslenskra aðila í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi sem og að verja hagsmuni og samkeppnisstöðu Íslands á erlendum vettvangi.

Matís hefur samstarf að leiðarljósi í verkefnum sínum og leitar ávallt leiða til að hagræða í rekstri, samnýta aðstöðu, tæki og mannauð, bæta þjónustu og auka tækifærin. Á landsbyggðinni er aðstaða Matís í sama húsnæði og aðrar stofnanir eða háskólar/setur í anda samstarfs og samnýtingar: Hvanneyrarbraut á Hvanneyri, Þróunarsetri Vestfjarða á Ísafirði, Borgum á Akureyri og Múlanum í Neskaupstað.

Til að styðja við tækifæri og takast á við áskoranir við matvælaframleiðslu á Íslandi, sækir Matís markvisst um verkefnastyrki í innlenda og erlenda rannsóknasjóði í samstarfi við stofnanir (Hafró, MAST, Fiskistofa, ofl.), háskóla (HÍ, LBHÍ, HA, Hólaskóli), hagaðilasamtök og fyrirtæki á Íslandi. Matís er nú í þriðja sæti á landsvísu í sókn Evrópustyrkja. Matís hefur haft að leiðarljósi að draga innlenda aðila með sér í Evrópuverkefni með áherslu á sjálfbærar heildrænar lausnir og fullnýtingu lífauðlinda í samstarfi við alla sem koma að málinu.

Samstarf Matís við háskóla felst í sameiginlegu starfsfólki og samnýtingu aðstöðu og búnaðar til að efla fræðilega og verklega menntun háskólanema á þeim fræðasviðum sem það nær til. Markmiðið er einnig að vera leiðandi og alþjóðlega samkeppnisfær á sérfræðisviðum sem tengjast rannsóknum og nýsköpun í nýtingu lífrænna auðlinda í sjó og á landi meðal annars í því skyni að laða að nemendur og fræðimenn. Þannig munu sameiginleg rannsóknaverkefni efla bæði framhaldsnám og íslenskt samfélag.

Starfsfólk Matís stýrir, kennir og leiðbeinir nemendum á gæða-stjórnunarlínu Sjávarútvegsskólans, GRÓ-FTP. Sérfræðiþekking starfsfólks Matís er nýtt við verkefni í þróunarlöndum.